

Alþingi  
Eind nr. þ 117/185  
komudagur 1/12 1993



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

Stofnað 1917

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
c/o Nefndadeild Alþingis  
b/t Ágústu H. Lárusdóttur

SAMTÖK ÍSLENSKS  
VIÐSKIPTALÍFS

Reykjavík 30. nóvember 1993.

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að gefa umsögn um framkomid frumvarp til laga um skattamál. Vill ráðið koma á framfæri nokkrum athugasemdum.

1. Verslunarráð Íslands fagnar að stjórnvöld skuli standa við fyrri áform um lægra tekjuskattshlutfall atvinnufyrirtækja. Hins vegar vill Verslunarráð itreka fyrri skoðun, um að óeðlilegt sé að mismuna rekstrarformum lögaðila, eins og gert er ráð fyrir í 10. gr. frumvarpsins. Ekki verður séð að það réttlæti hærra skatthlutfall í sameignarfélögum þó að úttekt úr þeim sé skattfrjáls, enda verður hér að hafa í huga að eigendur sameignarfélaga bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélags. Þetta form á ábyrgð hefur síðan verið talið réttlæta frjálsari reglur um úttekt heldur en í hlutafélagi þar sem hluthafar bera óbeina og takmarkaða ábyrgð. Einnig er rétt að minna á að fram á síðasta ár gátu sameignarfélög sem og aðrir lögaðilar dregið 10% frá skattskyldum tekjum sínum og lagt í fjárfestingarsjóð. Á það skal einnig bent að skv. 3. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um tekju- og eignaskatt ber strax við skráningu í firmaskrá að ákveða hvort sameignarfélag er sjálfstæður skattaðili eða ekki. Tekjur þess verða því skattaðar, annað hvort hjá lögaðilanum eða einstaklingnum skv. þeirri ákvörðun, óháð því hvort þær verða teknar út úr rekstrinum eða ekki. Tekjurnar renna því ekkert úr greipum skattyfirvalda. Ef skattyfirvöld vilja sérstaklega skatt úttektina frá sameignarfélagi sem er sjálfstæður skattaðili til eigenda er vænlegra að leggja til breytingu í þá átt með hliðsjón af skattskyldu arðgreiðslan umfram ákveðið mark (sbr. B-liður 30. gr. laga um tekju- og eignaskatt). Slikt ákvæði var að finna í 4. gr. laga nr. 30/1971, en kom aldrei til framkvæmda þar eð ákvæðin voru afnumin með lögum nr. 7/1972. Telja verður æskilegra að jafna aðstöðu eigenda hlutabréfa og eignaraðila sameignarfélags fremur en að mismuna atvinnurekstrarformum.

Póstáritun:  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími 1 676666  
Bréfsími 1 686564  
Telex 2316 Chambr is

2. Verslunarráð Íslands minnir á þá gagnrýni sem ráðið setti fram á eftirlitsátak skattyfirvalda nú í sumar. Verslunarráð benti á að starfsaðferðir skattyfirvalda hefðu verið óeðlilegar og haft í för með sér óþarfa kostnað og óþægindi fyrir atvinnureksturinn og að skattyfirvöld hefðu komið fram með nýjar túlkanir á ýmsum ákvæðum skattalaga. Jafnframt benti ráðið á að kostnaðarhugtak laga um tekju- og eignaskatt virtist vera á reiki, skilningur manna mismunandi og það sama mætti jafnvel segja um framkvæmd skattyfirvalda.

Undir þessi sjónarmið ráðsins hefur verið tekið í ítarlegri skýrslu nefndar á vegum félags löggiltra endurskoðenda um skattamál og að hluta til í skýrslu nefndar á vegum fjármálaráðuneytis um umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim.

Verslunarráð Íslands hefur gert tillögur um ýmsar breytingar á ákvæðum skattalaga hvað varðar þetta og fylgja tillögur ráðsins með umsögn þessari, en fjármálaráðherra hefur skipað nefnd til þess að fara yfir þessi mál. Verslunarráð Íslands treystir því að vinnu þeirrar nefndar ljúki á næstu dögum og tillögur hennar verði teknar með í lagabreytingum fyrir áramót. Með vísan til þessa gerir Verslunarráðið ekki athugasemdir við 4. gr. laganna, en treystir á að ákvæði hennar verði skoðað í samræmi við heildarendurskoðun á ákvæðum 31. gr. laga um tekju- og eignaskatt (frádráttur frá tekjum í atvinnurekstri).

3. Verslunarráð Íslands telur að í skattamálum sé affarsælast að skattstofnar séu skýrt afmarkaðir með fáum undanþágum, skatthluföll sem lægst og einu skattþrepi. Verslunarráð gerði ekki athugasemdir við breytingar á virðisaukaskattslögum á síðasta ári þar sem verið var að breikka skattstofninn. Hins vegar er rétt að ítreka að skatthlutfall hér er með því hæsta sem þekkist í Evrópu og það væri mikil samkeppnisbót fyrir íslenskt atvinnulíf ef hið almenna skatthlutfall lækkaði.

Verslunarráð Íslands telur mjög óheppilegt ef skatthlutfallið verður lækkað á einstökum vörutegundum og mótmælir fyrirhugaðri breytingu í b-lið 8. gr. frumvarpsins. Með breytingunni er verið að veikja virðisaukaskattskerfið með tveimur skattþrepum, þar sem starfsemi leitar í lægra þrep eftir löglegum leiðum sé þess kostur, og einnig að auka möguleika á undanskotum. Ríkið verður ekki einungis fyrir tekjutapi vegna þessa heldur má einnig vænta þess að auka þurfi eftirlit vegna þessa auk þess sem það verður flóknara. Þetta kallar á fjölgun starfsmanna hjá hinu opinbera og aukinn kostnað ríkissjóðs.

Verslunarráð telur að aðrar leiðir séu heppilegri til þess að ná þeim markmiðum sem að var stefnt með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við síðustu kjarsamninga, enda hefur verið sýnt fram á, bæði af starfsmönnum fjármálaráðuneytisins og forystu BSRB að aðrar leiðir séu vænlegri kjarabót fyrir þá sem lægst hafa launin.

Verslunarráð telur vænlegra að viðhalda þeim niðurgreiðslum sem eru á fiski, kjötvörum og mjókurvörum, en niðurgreiðslurnar valda því að þessar brýnustu lífsnauðsynjar bera jafngildi 14% virðisaukaskatts. Jafnframt telur ráðið rétt að kanna hvort ekki sé ástæða til þess að lækka almenna skatthlutfallið í 23% og stefna að því á næstu 1-2 árum að skattþrepið verði einungis eitt og þá e.t.v. 20%. Jafnframt bendir ráðið á leiðir sem nefndar hafa verið svo sem hækkun persónuafsláttar og greiðslna á sérstökum tekjutengdum fjölskyldubótum.

Verslunarráð Íslands minnir á að ábyrgð á skattbreytingum og skilvirkni skattkerfisins hvíla á stjórnvöldum; ríkisstjórn og þingmönnum. Það er þeirra að taka skynsamlegar ákvarðanir eftir bestu samvisku. Sú ábyrgð verður ekki framseld með kjarasamningum.

4. Verslunarráð Íslands lýsir yfir vonbrigðum sínum með hækkun tryggingagjalds en gerir sér grein fyrir því að hækkunin er hluti af fjármögnun útgjalda ríkissjóðs vegna kjarasaminga. Verslunarráð vill hins vegar ítreka þá skoðun sína að skatta eigi að leggja á þannig að jafnræði sé á milli atvinnugreina en þeim ekki mismunað. Verslunarráð Íslands telur að marka þurfi stefnu til nokkurra ára um að samræma tryggingagjald á milli atvinnugreina.

Verslunarráð Íslands vill vekja athygli á því að skv. b-lið 35. gr., sbr. 2. mgr. núgildandi 6. gr. laga 113/1990 virðist gert ráð fyrir tvenns konar gjaldstofnum manns sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða hefur sjálfstæða starfsemi. Slíkt er óheppilegt og getur valdið ruglingi. Telur ráðið að þetta atriði þurfi sérstakrar skoðunar við.

5. Með hækkun bifreiðagjalds er verið að afla tekna til þess að standa undir útgjöldum sem leiða af afnámi aðstöðugjalds og síðustu kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Verslunarráð Íslands vill þó benda á að varhugavert er að mismuna bifreiðaeigendum eftir þyngd bifreiða þeirra, þannig að menn greiði hærri skatt sé bill yfir 1000 kg. að þyngd. Slíkt fer illa saman við grundvallarregluna um jafnræði meðal skattþegna, þ.e. að sambærileg tilvik séu meðhöndluð á sama máta. Verslunarráð vill einnig benda á að þyngri bílar eru frekar notaðir í atvinnurekstri, þannig að auknar álögur á atvinnulífið felast í þessari skattheimtu.

Verslunarráð telur ákvæði 40. gr. frumvarpsins vera til mikilla bóta.

6. Verslunarráð Íslands mótmælir fyrirhuguðum tollahækkunum á feiti og olíur og telur að þá breytingu verði að ígrunda betur og þá í samráði við framleiðendur smjörlikis. Framleiðendur smjörlikis hafa miklar áhyggjur af fyrirhugaðri breytingu. Breytingin hækkar verð á hráefni til innlendar smjörlikisframleiðslu og áætla framleiðendur að þetta geti hækkað kostnaðarverð algengustu smjörlikistegunda um 14%.

Hvað varðar innflutingstoll á erlent smjörliki þá telja smjörlikisframleiðendur að jöfnunartollur með heimild í 118. gr. tollalaga, sé mun heppilegra fyrirkomulag og tryggi betur samkeppnisstöðuna gagnvart erlendum niðurgreiðslum heldur en innflutningstollur. Jafnframt er rétt að benda á að innflutingstollur sem vernd fyrir innlenda framleiðslu er einungis skammgóður vermir með tilliti til væntanlegra GATT-saminga.

Áætlaðar viðbótartekjur ríkissjóðs vegna þessara breytinga er um 20 milljónir og verður að telja vægast sagt varasamt að ráðast í svo umdeilda breytingu fyrir svo lítinn ávinning.


Að síðustu er rétt að taka fram að tollflokkur III, sem feiti og olíur falla undir, hefur hingað til borið 0% toll.

7. Með hliðsjón af því sem segir um virðisaukaskatt telur Verslunarráð Íslands að forsendur frumvarpsins fyrir breytingum á vörugjöldum eigi ekki lengur við. Almennt telur Verslunarráð hins vegar að vörugjöld séu óheppileg sérgreind skattlagning sem hæglega geti mismunað samkeppnisvörum eins og dæmi eru um. Verslunarráð telur að meginstefnan eigi að vera sú að vörugjöld eigi einungis að leggja á fáa, afmarkaða og stóra vöruflokka þar sem talið er æskilegt að hafa áhrif á neyslu vegna umhverfis- og heilsuverndarsjónarmiða. Sem dæmi má nefna áfengi, tóbak, olíu, bensín og bifreiðar.

Í samræmi við þetta telur Verslunarráð eðlilegast að ef fallið verði frá lækkun virðisaukaskatts á matvæli verði frekar mörkuð samræmd stefna varðandi álagningu vörugjalda. Við þá stefnumótum verði fyrst og fremst litið til fækkunar á vöruflokkum sem gjald er lagt á og einnig til samræmingar á álögum á samkeppnisvörur. Í sumum tilvikum verður vart séð á hvern hátt þessi mismunun í skattheimtu er rökstutt sbr. t.d. gosdrykkir og ávaxtasafi annars vegar og kaffi og te hins vegar, og einnig, sælgæti og súkkulaðikex annars vegar og ís, snakk og ýmis sykrud matvæli hins vegar.

8. Að síðustu fagnar Verslunarráð Íslands því að fallið er frá áformum um skattlagningu fjármagnstekna. Verslunarráð Íslands telur að slík skattlagning myndi án nokkurs vafa leiða til hærri ávöxtunarkröfu og stefna markmiðunum um lága vexti í hættu. Auk þess eru allar líkur til þess að slíkt myndi draga úr peningalegum sparnaði, en þjóðin má illa við slíku. Einnig virðist miðað við fyrirbyggjandi hugmyndir um slíka skattlagningu, að hún verði kostnaðarsöm í framkvæmd og skili ríkissjóði tiltölulega litlu, bæði í fjárhæðum talið og miðað við umfang.

Virðingarfyllst  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Jónas Fr. Jónsson, hdl.

# VERSLUNARRÁÐS FRÉTTIR

SEPTEMBER  
5/93

GUÐJÓN R. 630610

Aðgerðir Verslunarráðsins gegn offari í skattaeftirliti með fyrirtækjum síðustu mánuði:

## Lög um um tekju- og eignarskatta verður að koma í takt við nútímann

Mikil umfjöllun hefur verið um skattamálin í Verslunarráðinu undanfarna mánuði. Sérstakt átak í skattaeftirliti hefur verið í gangi og frakvæmd þess hefur þótt sérstaklega gagnrýnisverð. Eftirlitð hefur aðallega beinst að fyrirtækjum sem hafa nágu góða atkomu til þess að breyting á framtölum skipti máli varðandi greiðslu tekjuskatts. Þá hafa aðfinslur skattayfirvalda einnig í allt of mörgum tilfellum byggt á sparðalningi og geðþóttaákvörðunum.

Verslunarráðið hefur tekið saman nokkrar hugmyndir um breytingar á lögum og reglum um tekju- og eignarskatta í ljósi þessara atburða. Þær endurspeglu einnig önnur atriði, sem verið hafa viðfangsefni og baráttumál ráðsins að undanfögnu. Þessar hugmyndir hafa

verið kynntar fjármálaráðherra og þeim verður fylgt eftir með frekari viðræðum við hann og aðra þá sem hafa áhrif á setningskattalaga og reglna. Hér á eftir eru listar yfir helstu atriði hugmyndanna.

### FRÁDRÁTTARLÍÐIR SEM VERÐI VIÐURKENNDIR Í SKATTALÖGUNUM ÞEG-AR Í STAÐ

1. Tapaðar skuldir eftir árs vanskil og eins áfallnar ábyrgðir.
2. Tap á hlutafé.
3. Kostnaður vegna áfallandi eftirlaunaskuldbindinga, enda sé fylgt viðurkerndum reikningsskilavenjum.
4. Félagsgjöld og útlagður kostnaður vegna þátttöku í starfsemi hagsmunasam-

- taka, fagfélaga og framfarafélaga atvinnulífsins.
5. Kostnaður vegna starfsfólks fyrir allt að tiltekið hlutfall af launakostnaði.
6. Styrkir til stjórnmalaflokka og starfsemi á þeirra vegum og til fjórtafélaga og samtaka þeirra.
7. Tækifærissgjafir í viðskiptaskyni, enda sé verðmætið óveruðlegt m.v. tilefni hverju sinni.
8. Matar- og kaffikostnaður vegna funda, enda sé fylgt svipaðri reglu og gildir hjá opinberum aðilum.
9. Áskriftir að tímaritum og fagblöðum.
10. Risnu- og kynningarkostnaður eftir sanngjörnum og skiljanlegum reglum.
11. Kostnaður vegna (ólaun- aðra) starfa mæka starfsmanna í þágu fyrirtækisins.

### ÝMIS ÚRBÓTAATRIÐI

1. Úrskurðir skattstjóra verði rökstuddir um hvaða kostnaður er ekki viðurkenndur sem frádráttarbær.
2. Bættir verði möguleikar skattgreiðenda til þess að fresta greiðslu við endurákvörðun gjalda þegar fyrir liggur vafi um túlkun laga og reglna og sýnt að máli fari fyrir óll dómsting.
3. Jafnræði gildi í samskiptum skattayfirvalda og skattgreiðenda þannig að óf- tekni skattar verði endurgreiddir með 25% álagi og dráttarvöxtum.
4. Samlög og sjálfseignarstofnanir greiði sömu skattprósentu og hlutafélög og samvinnufélag.
5. Rýmka þarf ákvæði um söluhagnað einstaklinga af hlutabréfum.

Fríðrik Sophusson fjármálaráðherra:

## Eftirlitsátakið byggist á 30 ára, úreltum reglum

Eftirlitsátak skattstofa undanfarið, sem beinst hefur að 1500 rekstraradilum, er byggt á 30 ára gömlum reglum um túlkun skattskilla og slíkt eftirlit. Auk mistaka við skipulagningu álaksins hefur komið í ljós, að reglurnar eru í ýmsum atriðum úreltar og ekki allskostar í takt við nútímarekstur. Reglugerðin verður nú endurskoðuð í samráði við þá sem gerst þekkjja til, svo sem löggjilti endurskoð- endur.

Þetta var boðskapur Fríðriks Sophussonar, fjármálaráð- herra, sem mætti á stjórnarfund í Verslunarráðinu mánudaginn 6. september.

Ráðherrann viðurkendi að ýmsar aðgerðir skattstofanna í þessu átaki orkuðu tvímalis og sumar hefðu beinlínis ekki átt fullan rétt á sér. Hann sagði að skattstofurnar hefðu til þessa aðeins kynnt endurákvæðanir og ynnu nú að úrskurðum eftir að skattaðilar hefðu komið að athugasemdum sínum. Síðan ættu þeir máskotsrétt til yfirskattanefndar. Á fundinum var ráðherrann brýndur um að þau mistök sem gerð hefðu verið yrðu ekki endurtekin með frekari aðgerðum gagnvart viðkomandi aðilum á meðan sú endurskoðun sem hann boðaði stæði yfir.

## Sérefni næsta aðalfundar Verslunarráðsins: Hugmyndabanki um raunhæfa lækkun ríkisútgjalda

Ákveðið hefur verið að sérefni aðalfundar Verslunarráðsins í febrúar 1994 verði aðrættir og stofnun hugmyndabanka um raunhæfa lækkun ríkisútgjalda. Ekki þarf að útskýra þýðingu þessa verkefnis þar sem staða og framtíð þjóðfélagsins er í húfi og teft er um það, hvort koma megi böndum á bjartari framtíðarsýn en nú blasir við. Til þess að undirbúa og móta hugmyndabankann verða stofnaðir fjórir vinnuhópar. Félagum ráðsins býðst því hér með að leggja fram lið sitt í þessu skyni, sem auk þess má lita á sem eins konar skóla fyrir þá sjálfa. Hóparnir/næfndirnar hefja stórf alveg á næstunni og hafa því 5 mánuði til stefnu.

Úmsjónarmenn verða tveir starfsmenn ráðsins, Jóhann Þorvarðarson hagfræðingur og Jónas Fr. Jónsson lögfræðingur. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu eiga því að hafa samband við þá.

Skípting verkefnisins verður þannig:

- 1) Stjórnsýslunefnd um rekstur stjórnsýsluráðuneyta.
- 2) Atvinnuveganefnd.
- 3) Menntamálanefnd.
- 4) Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

## 1.2 Val á rekstraraðilum til skoðunar

Val á rekstraraðilum til skoðunar byggist aðallega á eftirfarandi:

### Lögaðilar

Lögaðilarnir eru annarsvegar valdir út frá því hvort þeir hafa hagnað eða eru á mörkum þess að hafa hagnað, og hinsvegar eru teknir með áhugaverðir aðilar með tap. Þau tapsfyrirtæki sem væru með hagnað, ef ekki hefði komið til yfirfæranlegt tap, eru einnig tekin með.

### Einstaklingar með rekstur

Aðeins eru teknir með þeir einstaklingar með rekstur sem hafa 1 milljón kr. eða meira í veltu. Til frekari afmörkunar er stuðst við reiknað endurgjald, hreinar tekjur af atvinnurekstri og aðstöðugjald aðilanna.

Merkt hefur verið sérstaklega við þá aðila sem hafa virðisaukastuðul sem fer niður fyrir eitt staðalfrávik frá meðalstuðlinum í viðkomandi atvinnugrein. (Sjá nánar fylgiskjal III). Þetta er gert vegna þess að óeðlilegur virðisaukastuðull getur gefið vísbendingu um að eitthvað sé athugavert við virðisaukaskattsskil viðkomandi aðila.

Á listunum yfir rekstraraðilana kemur virðisaukastuðullinn fram. Þessi stuðull er reiknaður sem:

$$\frac{(\text{Skattskyld velta} + \text{Skattfrjáls velta}) - \text{Innskattur}/0.245}{\text{Skattskyld velta} + \text{Skattfrjáls velta}} \times 100$$

Þetta þýðir að því hærra sem virðisaukastuðullinn er, því meiri er virðisaukinn í viðkomandi starfsemi. Það er því helst ástæða til að ætla að ekki sé allt með felldu, þegar virðisaukastuðullinn er óvenjulega lágur m.v. meðaltal annarra fyrirtækja í svipuðum rekstri.

Hér meðfylgjandi eru listar yfir þá rekstraraðila úr framangreindum atvinnugreinum sem taka skal til skoðunar. Hér er um að ræða tillögu eftirlitsskrifstofu RSK um val á fyrirtækjum, sem unnið er í samráði við tekjuskatts- og virðisaukaskattsskrifstofu RSK. Telji skattstjórar að meiri ástæða sé til þess að skoða önnur fyrirtæki í þessum atvinnugreinum, en þau sem á listunum eru, geta þeir bætt þeim við þessa lista og tekið þá um leið önnur út í staðinn.

Framangreindir 1300 rekstraraðilar dreifast þannig á skattumdæmin:

Reykjavík	612
Reykjanesumdæmi	252